




Leiðbeiningahefti


Isavia ANS

Cronos FPL



 **CRONOS**

 Enter your Login ID

 Enter your password

SIGN IN

Language [English](#) | [Portuguese](#) | [Italian](#) | [Spanish](#)

[Contact Information](#)





Efnisyfirlit

Cronos flugáætlanir (FPL) - kynning	3
Leggja inn flugáætlun (FPL)	4
Sniðmát (template)	4
ICAO flugáætlun (FPL)	5
IFPUV Validate	6
Yfirsýn flugáætlana (FPL)	7
Aðstoð (helpdesk).....	9
Lokun flugáætlana (FPL)	9


Cronos flugáætlanir (FPL) - kynning

Í CRONOS geta notendur lagt inn og haldið utan um flugáætlanir (FPL), séð stöðu þeirra (samþykkt/hafnað) og sent breytingarskeyti (DLA, CHG, CNL) fyrir eigin flugáætlanir (FPL).

Eftir innskráningu í Cronos birtist gluggi vinstra megin á skjánum með þeim valmöguleikum sem eru aðgengilegir.

 Dashboard	Dashboard leiðir á upphafssíðu.
 FPL Office	FPL Office fyrir flugáætlanir. Hér hefur þú yfirlit yfir þínar eldri flugáætlanirnar, virkar flugáætlanir og þær sem enn eru í vinnslu (FPL proposal).
 Settings	Help þar finnur þú notendaleiðbeiningar (<i>user guide</i>) fyrir Cronos FPL á ensku.
 Help	

Fleiri valmöguleikar verða í boði síðar eins og veðurupplýsingar (MET) og forflugsupplýsingar (PIB).



Efst í hægra horni er að finna eftirfarandi aðgerðir:

Ef þú ýtir á **nafnið þitt** efst í hægra horninu getur þú breytt um tungumál (í boði eru enska, portúgalska, ítalska og spænska). Með því að ýta á *Profile* er hægt að breyta lykilorði en mikilvægt er að hafa í huga að ef þú gerir það ertu aðeins að breyta því inn í Cronos forritinu en ekki í upphafs innskráningunni, þegar þú notar kóðann úr farsímanum þínum. Útskráning er einnig hér undir.


Bjallan (*Messages Monitoring*): Ekki ætlast til þess að flugmenn noti hana, hún er notuð af öðrum.

Næstu 4 valmöguleikar, vinstra megin við bjölluna, eru stillingar til að breyta viðmóti.

Notendur geta prófað sig áfram, t.d. er hægt að skoða upplýsingar á korti, en ekki verður farið í frekari útskýringar á þessu hér. Það er um að gera að prófa sig áfram (engar áhyggjur það er ekki hægt að eyðileggja neitt með því að prófa sig áfram með þessar stillingar).

Ljósaperan breytir skjánum í dagssýn og nætursýn.

Leggja inn flugáætlun (FPL)



Þegar þú ætlar að leggja inn FPL velur þú **FPL Office** → **FPL Proposal** → **Create** í valmyndinni til vinstri.

← FPL Proposal Create

VALIDATE

IFPUV VALIDATION

CLEAR

SUBMIT

IMPORT FROM TEXT


Undir **FPL Proposal Create** eru fimm valmöguleikar. *Validate (sannreyna)* hnappurinn staðfestir hvort flugáætlunin sé rétt útfyllt þegar búið er að setja inn allar upplýsingar í staðlað ICAO form. *IFPUV Validation* hnappurinn er ekki notaður þar sem Ísland er ekki hluti af Eurocontrol.

Clear hnappurinn eyðir þeim upplýsingum sem settar hafa verið inn. Með því að ýta á *Submit* hnappinn er flugáætlun lögð inn og síðan annað hvort samþykkt (ACK) eða hafnað (REJ).

Með því að velja *Import From Text* er hægt að afrita flugáætlun.

Sniðmát (template)

Efst til vinstri, í **FPL Proposal Create**, er hægt að búa til og ná í vistuð sniðmát (*template*).



Vistað sniðmát er sótt í *Select a template* felligluggann og ýtt á *Load template* (hnappurinn með ör sem bendir upp) hægra megin við felligluggann. Talan í sviganum, við hvert sniðmát, er auðkennisnúmer sem hefur ekki gildi fyrir notendur.

Muna að breyta upplýsingum eftir því sem við á í sniðmátinu eins og t.d. EOBT, REG, Route, flugtíma, DEP, DEST og fleiru sem er breytilegt milli fluga.

Nýtt sniðmát hnappur í miðjunni *Save template* valinn. Sniðmátinu gefið nafn og annað hvort valið *User* (til einkanota) eða *ORG* (ef nota á fyrir fyrirtæki/flugklúbb/flugskóla).

Athugið að þegar vista á sniðmát sem búið er að fylla út þarf að velja *Save template* áður en valið er *SUBMIT*.

Ef uppfæra þarf sniðmát er því breytt og síðan uppfært með *Update template* hnappnum í miðjunni, hægra megin við felligluggann.

ICAO flugáætlun (FPL)

Route and time planning

Equipment and capabilities

Search And Rescue

Transmission information

FPL forminu er skipt upp í fjóra mismunandi flipa. Ekki er farið í ítarlegar útskýringar hér en nánari upplýsingar má finna í notendaleiðbeiningum (*User manual*) sem er að finna undir hjálparhnaðnum (*Help*) vinstra megin á upphafsíðu.

Athygli er vakin á því að ef *EET* (áætlaður flugtími) undir flípanum **Route and time planning** hefur verið fylltur út og upplýsingum er breytt eftir það, t.d. ADEP, ADES, Route, hraða eða hæð, þá eyðist EET út og það þarf að setja inn aftur.


Ef klukkuhnaðpurinn (*Calculate EET*) er valinn, við hliðina á *Total EET*, þá reiknar Cronos út flugtímann miðað við ADEP, ADES, rútna og hraðann sem hefur verið fylltur út (virkar eingöngu ef Cronos þekkir leiðina (*route*)). Einnig er hægt að skrá inn áætlaðan flugtíma (EET).

Total EET

0


SSR Mode og **SSR Code** eru reitir sem flugmenn eru beðnir um að fylla ekki út í. Þessir reitir eru einungis fyrir herflug.

Til þess að fara á milli flipa í FPL forminu getur þú annaðhvort notað **NEXT** hnappinn neðst hægra megin í forminu eða valið flípana (sjá á mynd efst).

Í **Equipment and capabilities** skal fylla út reiti 10A, 10B og 18. Hægt er að nota töfraspota hægra megin til að fá aðstoð við að fylla út viðeigandi reiti en þegar ýtt hefur verið á sprotann  opnast gluggi og ef músinni er haldið yfir einstaka stafi sést hvað þeir standa fyrir.

Cronos gengur úr skugga um að búnaður í PBN og reitum 10A og 18 stemmi.

Undir **Item 18** skal setja símanúmer. *RMK/xxxxxxx* (símanúmer) skráð beint á línuna undir *Item 18* eða með því að velja töfraspotann, ýta á *RMK/* hnappinn og fylla út símanúmer.



Í **Transmission information** flípanum þarf að setja að minnsta kosti eina *AFTN addressu* í *Destination addresses* til þess að hægt sé að vista og senda flugáætlun.

Rétt *addressa* á að birtast með því að ýta á bláa hnappinn **Get Addresses**. Vinsamlega notið alltaf þann hnapp.

Ef *addressa* er handslegin inn þá þarf að passa að velja alltaf textann sem birtist í felliglugganum því annars hverfur textinn og ekkert er valið í reitnum (þetta á við í öllu FPL forminu).

Í **Transmission information** flípanum er hægt að skilja eftir link á *GPS track* flugmannsins eins og t.d. *Garmin GPS track*. Ef flugmaðurinn á slíkt tæki getur hann sett slóðina á *trackið* sitt í *Optional*, sjá mynd hér fyrir neðan.

Þessar upplýsingar geta stýtt leitartíma ef eitthvað kemur upp á.

Athugið að GPS slóðin þarf að vera í hástöfum (CAPSLOCK) til þess að hægt sé að senda flugáætlun inn (annars birtist villumelding í Cronos og þá er ekki hægt að senda inn FPL).

The screenshot shows the 'FPL Proposal Create' interface. At the top, there are buttons for 'VALIDATE', 'IFPUV VALIDATION', 'CLEAR', 'SUBMIT', and 'IMPORT FROM TEXT'. Below these are tabs for 'Route and time planning', 'Equipment and capabilities', 'Search And Rescue', and 'Transmission Information' (which is selected). The 'Transmission Information' section includes fields for 'Filing DTG', 'Priority' (set to 'FF - Flight Safety Messages'), and 'Originator' (set to 'BIRDZPZX'). There is also a 'Collective addresses templates' dropdown. Below these is a 'Destination addresses' section with a 'GET ADDRESSES' button and a list of addresses including 'BIRDZPZX' and 'BIRDZPZO'. An 'Optional' field contains the text 'SHARE.GARMIN.COM/XXXX', which is circled in red. At the bottom, there are 'PREVIOUS' and 'NEXT' navigation buttons.

Mundu að ýta alltaf á *Validate* áður en þú leggur inn flugáætlun (*SUBMIT*).

IFPUV Validate

IFPUV Validation hnappurinn er ekki notaður þar sem Ísland er ekki hluti af Eurocontrol.

Yfirsýn flugáætlana (FPL)

Í **FPL Proposal** → **Query** sérð þú virkar (*active*) flugáætlanir sem þú hefur lagt inn (en eru ekki samþykktar) og þær flugáætlanir sem hafa verið samþykktar.

Search er valið og þess gætt að hakað í **Auto refresh** svo að listinn uppfærist sjálfkrafa.

Auto refresh

Actions	Callsign	ADEP	ADES	EOBD + EOBT	CTOT	ATD	ATA	Pre Dist Status	Post Dist Status
	TEST015	BIHU	BIHN	10/01/2023 15:00 UTC		-	-	Approved	Filed
	TEST015	ZZZZ	BIAR	19/01/2023 15:00 UTC		-	-	Pending	-
	TEST010	BIHU	BIHN	19/01/2023 15:00 UTC		-	-	Rejected	-

Þegar flugáætlun er lögð inn (*submit*) er staðan í dálknum **Pre Dist Status** merkt sem **Pending**. Þegar það stendur **Approved** í **Pre Dist Status** glugganum hefur flugáætlunin verið samþykkt en þegar stendur **Rejected** hefur henni verið hafnað. Þegar flugáætlun (FPL) hefur verið samþykkt eða hafnað kemur tölvupóstur frá kerfinu.

FPL Proposal er virkt (**Active**) í 2 klst. eftir áætlaðan landingartíma (EOBT + EET). Til að finna óvirkar flugáætlanir (FPL), eldri flugáætlanirnar, þá er farið efst í **FPL Proposal** → **Query** og **Active** fjarlægt úr **Status** glugganum og ýtt á **Search**. Þá færðu upp öll FPL sem hafa verið gerð og lögð inn í Cronos.

Search: Enter keyword to search

Prefix: Choose one

Items per page: 10

Callsigns: Enter one or more

Aircraft Types: Enter one or more

Flight Type: Select Flight Type

Flight Rules: Select Flight Rules

Status: |


Pre Dist Status: Choose one or more

Post Dist Status: Choose one or more

ATS Proposal Statuses: Choose one or more

SEARCH RESET


Vinstra megin við hverja flugáætlun (FPL) eru mismunandi valmöguleikar eftir því hvort áætlunin er virk (*Active*) eða ekki. Til þess að sjá valmöguleikanna er músabendillinn færður yfir viðeigandi mynd. Hér kemur nánari útskýring:





FPL Proposal Details: Hér eru upplýsingar um flugáætlun, *ICAO Preview*, *History* og *Proposal History*.



Create new FPL Proposal from this: Með þessum hnapp getur þú nýtt eldri flugáætlun til að búa til nýja. Hér þarf að passa að breyta DOF (inn í *Equipment and capabilities*) og öðrum þáttum undir t.d. *Search and Rescue* eftir því sem við á.

 **FPL Proposal Edit:** Ef flugáætlunin er í bið (*Pending*) í *Proposal Dist Status* er hægt að breyta henni og senda inn uppfærslu (*Update*). Muna þarf að sannreyna (*Validate*) áður en áætlunin er lögð inn (*Submit*).

 **View FPL Proposal:** Þar getur þú skoðað flugáætlun (FPL) sem hefur verið send inn og einnig sent **Change, Delay og Cancellation** skeyti fyrir þá flugáætlun (FPL) en þessir valmöguleikar birtast efst á síðunni.



Ef þú vilt eyða flugáætlun (FPL) velur þú *Cancellation* og við það birtast 2 nýir valmöguleikar til hægri við

hnappinn og þar er valið **Submit CNL** eða **Abort** (hætta við) eftir því sem við á.

Ef seinka þarf flugáætlun (FPL) er valið *Delay* og EOBT reiturinn fundinn (appelsínugult strik undir reitnum) en hægt er að breyta EOBT eftir þörfum (lágmark 15 mín seinkun). Muna svo að velja **Submit DLA** eða **Abort** (hætta við) eftir því sem við á.


EOBT

15:00

Ef þú vilt breyta flugáætlun (FPL) velur þú *Change* og við það getur þú breytt öllum þeim reitum sem eiga við (appelsínugult strik undir reitunum). Muna svo að velja **Submit CHG** eða **Abort** (hætta við) eftir því sem við á.

Þegar breytingarskeyti hefur verið sent inn (CHG, DLA, CNL) stendur *Pending* við áætlunina í *FPL Proposal Query*, þangað til að breytingin hefur verið samþykkt og þá breytist *ATS Proposal* í *Approved*.

Athugaðu að þú færð **ekki** sendan tölvupóst frá kerfinu um hvort breytingarskeyti (CHG, DLA, CNL) hafi verið samþykkt/hafnað eins og þegar FPL er samþykkt/hafnað. Þú verður að fylgjast með því inn í *FPL Proposal Query* eins og er líst hér að ofan.

 **Show on map:** Þar birtist flugleiðin á korti (ef notast er við gögn sem Cronos skilur, þ.e. hnit, þekkta punkta, þekkta vita o.s.frv. Einnig eru fleiri stillingar í boði á kortinu sem ekki verða útskýrðar frekar hér.

Aðstoð (helpdesk)

Frá og með 23. mars 2023 munu notendur geta nýtt sér sérstakt þjónustuborð (*Helpdesk*) til aðstoðar við fyrstu skrefin við notkun Cronos FPL. Símanúmerið er 424-4242 og er opið allan sólarhringinn. Þjónustuborðið verður eingöngu opið fyrstu mánuðina eftir innleiðingu. Lokun verður auglýst með upplýsingabréfi (AIC).

Lokun flugáætla (FPL)

Engar breytingar verða á lokun flugáætla. Mikilvægt er að loka flugáætlun(FPL) á réttum stað. Upplýsingar um símanúmer flugumferðarþjónustudeilda má finna í Flugmálahandbók (AIP) í kafla *GEN 3.3.6 Heimilisföng flugumferðarþjónustudeilda*, sjá töflu hér fyrir neðan:

Nafn deildar/ Unit Name	Póstfang/ Postal address	Símanúmer/ Telephone	AFS	Netfang/ E-mail	Heimasíða/ Website
Akureyri Turn/TWR	Akureyrarflugvöllur 600 Akureyri	+354 424 4030	N/A	biar@isavia.is	https://www.isavia.is/en/akureyri-airport
Bíldudalur Flugradió/AFIS	Bíldudalsflugvöllur 465 Bíldudalur	+354 424 4085	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/bildudalur-airport
Egilsstaðir Flugradió/AFIS	Egilsstaðflughvöllur 700 Egilsstaðir	+354 424 4020	N/A	bieg@isavia.is	https://www.isavia.is/en/egilsstadir-airport
Gjögur Flugradió/AFIS	Gjögurflugvöllur 524 Árnesheppur	+354 451 4033	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/gjogur-airport
Grimsey Flugradió/AFIS	Grimseyjarflugvöllur 611 Grimsey	+354 424 4070	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/grimsey-airport
Hornafjörður Flugradió/AFIS	Hornafjarðarflugvöllur 781 Höfn í Hornafirði	+354 478 1290	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/hornafjordur-airport
Húsavík Flugradió/AFIS	Húsavíkflugvöllur 641 Húsavík	+354 464 1253	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/husavik-airport
Ísafjörður Flugradió/AFIS	Ísafjarðarflugvöllur 400 Ísafjörður	+354 456 3450	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/isafjordur-airport
Keflavík Turn/AFIS	Keflavíkflugvöllur 235 Keflavíkflugvelli	+354 424 4055	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/keflavik-airport
Reykjavík Flugstjórn/OACC	Flugstjórnarmiðstöð 102 Reykjavík	+354 424 4240	N/A	acc@isavia.is	https://www.isavia.is/fyrirtaekid/flugleidsaga/flugstjornarmidstod
Reykjavík Turn/TWR	Reykjavíkflugvöllur 102 Reykjavík	+354 424 4214	N/A	turn@isavia.is	https://www.isavia.is/reykjavikflugvollar
Sauðárkrókur Flugradió/AFIS	Sauðárkróksflugvöllur 550 Sauðárkrókur	+354 453 5175	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/innanlandsflugvellir/flugvellir-og-lendingarstadir
Vestmannaeyjar Flugradió/AFIS	Vestmannaeyjaflugvöllu r900 Vestmannaeyjar	+354 481 1209	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/vestmannaeyjar-airport
Vopnafjörður Flugradió/AFIS	Vopnafjarðarflugvöllur 690 Vopnafjörður	+354 473 1521	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/vopnafjordur-airport
Þórshöfn Flugradió/AFIS	Þórshafnarflugvöllur 680 Þórshöfn	+354 468 1422	N/A	atsairport@isavia.is	https://www.isavia.is/en/thorshofn-airport

Ef misræmi er á upplýsingum hér á myndinni og í þeim upplýsingum sem birtar eru í Flugmálahandbók (AIP) gildir það sem stendur í gildandi útgáfu Flugmálahandbókar (AIP).